EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3303

Rekstraraðili Hólaskóli - Háskólinn á Hólum kt: 5001694359	**Tegund starfsemi** Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera	**Starfsleyfisnúmer:** UST-2016-L011-01 **Gildistími starfsleyfis** 10. ágúst 2032
Starfsstöð Kynbóta- og rannsóknastöð í bleikjueldi	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 12. október 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0288	**Eftirlitsmaður** Kjartan Guðmundsson	**Útgáfudagur skýrslu** 3. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Einar Svavarsson	Stöðvarstjóri

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom fram eitt nýtt frávik er varðar losun köfnunarefnis og fosfórs yfir mörkum starfsleyfis árið 2025

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar, þar sem eingöngu voru skoðuð gögn vegna rekstrarársins 2025, fór fram hjá rekstraraðila þann 12. október 2026.

Ársyfirliti fyrir rekstrarárið 2025 var skilað 27. febrúar 2026, innan frests skv. gr. 4.5. Lífmassaframleiðsla ársins var 10.069 kg og fóðurnotkun 16.493 kg, umfang starfseminnar er innan heimilda starfsleyfis. Fóðurstuðull var 1,64 og hækkaði frá fyrra ári (1,44).

Samkvæmt gr. 3.4 takmarkast losun við 60 kg köfnunarefnis (N) og 7 kg fosfórs (P) á hvert framleitt tonn. Reiknuð losun ársins 2025 er 69,1 kg N/tonn og 12,8 kg P/tonn, og eigin útreikningar rekstraraðila í ársyfirlitinu gefa 80,8 kg N/tonn og 11,6 kg P/tonn. Sett er frávik frá gr. 3.4 vegna losunar á mengunarefnum í vatn yfir viðmiðunarmörkum.

Tromlusía fyrir frárennsli bilaði í ágúst 2025, viðgerð lauk í nóvember og annarri tromlusíu var bætt við. Rekstraraðili skilaði 17. desember 2025 niðurstöðum efnagreiningar á seyru úr tromlusíu ásamt mynd af útrás og viðtaka eftir hreinsun, sbr. úrbótaáætlun frá 10. október 2025. Seyru var safnað í tvo sólarhringa í nóvember 2025 og reiknar rekstraraðili út frá því losun 46,2 kg N/tonn og 7,4 kg P/tonn. Þar sem söfnunin nær aðeins til tveggja daga og tromlusían var óvirk hluta ársins lýsir mælingin ekki magni seyru sem fjarlægð var á rekstrarárinu, sbr. gr. 4.4, og er hún ekki dregin frá losun ársins 2025.

Með virkri tromlusíu og söfnun seyru yfir allt rekstrarárið er hins vegar kominn grundvöllur fyrir óbeinni mælingu skv. gr. 4.4 frá og með árinu 2026. Fráviki vegna losunar árið 2025 og fráviki frá fyrra ári vegna losunar fosfórs árið 2024 og 2023 er því lokað. Rekstraraðili skal skrá magn seyru sem fjarlægð er yfir allt rekstrarárið og hvert henni er ráðstafað, sbr. gr. 3.3 og 4.1, og gera grein fyrir því í ársyfirliti. Styðjast má við efnagreiningu seyru frá nóvember 2025 við útreikning á losun þar til mæla ber að nýju fjórða hvert ár skv. gr. 4.3.

Á mynd sem rekstraraðili sendi (dags. 9. des. 2025) af útrás og viðtaka eftir hreinsun sjást ekki fóðurleifar. Fráviki frá fyrra ári er varðar fóðurleifar í viðtaka er því lokað.

Umhverfisstefna var uppfærð á árinu, sbr. gr. 2.1, og formalín leyst af hólmi með Pyceze við böðun hrogna, sbr. gr. 3.13. Rekstraraðili hefur staðfest að öryggisblöð hafi verið uppfærð og séu aðgengileg starfsfólki, eins og bent var á í eftirliti 2025.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávik skráð: 12. október 2026 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum *Losun köfnunarefnis og fosfórs yfir mörkum starfsleyfis árið 2025. Reiknuð losun var 69,1 kg N/tonn og 12,8 kg P/tonn en mörk starfsleyfis eru 60 kg N/tonn og 7 kg P/tonn.* *Tromusía er orðin virk og seyru er safnað. Frávikinu er lokað.*	**Lokað**
gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. ágúst 2025 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum *Losun köfnunarefnis og fosfórs yfir mörkum starfsleyfis árið 2023. Samkvæmt gildandi starfsleyfi er losun köfnunarefnis í ferskvatn takmörkuð við 60 kg á hvert framleitt tonn og losun fosfórs við 7 kg á hvert framleitt tonn. Reiknuð losun 2023 var 60,4 kg/tonn N og 11,2 kg/tonn P.* *Tromusía er orðin virk og seyru er safnað. Frávikinu er lokað.*	**Lokað**
gr. 3.5 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. ágúst 2025 Við útrás þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka má ekki vera set, útfellingar, þekjur af rotverum, olía, froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir, eða efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. *Fóðurleifar fundust í viðtaka sem tengist Hjaltadalsá árið 2025. Rekstraraðili hreinsaði viðtaka og sendi myndir því til stuðnings 9. desember 2025. Frávikinu er lokað.*	**Lokað**
gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. ágúst 2025 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum *Losun fosfórs yfir mörkum starfsleyfis árið 2024. Samkvæmt gildandi starfsleyfi er losun köfnunarefnis í ferskvatn takmörkuð við 60 kg á hvert framleitt tonn og losun fosfórs við 7 kg á hvert framleitt tonn. Reiknuð losun 2023 var 59.9 kg/tonn N og 11,1 kg/tonn P.* *Tromusía er orðin virk og seyru er safnað. Frávikinu er lokað.*	**Lokað**

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.